



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. febrúar 2018.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands breytingu á lögum um mannanöfn, nr. 45/1996, 148. löggjafarþing 2017–2018. Þingskjal 150 — 83. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) styður frumvarp þetta enda er ætti fólk almennt að fá að kalla sig því nafni sem það helst kys. Rýmkun á núgildandi reglum er til dæmis til þess fallin að auðvelda transfólki lífið, sem ætti þá að geta notað það nafn sem þau hafa valið sér.

Hvað varðar rétt barna til nafns tekur MRSÍ undir þau sjónarmið í greinargerð með frumvarpinu að foreldrum eigi almennt að treysta til að velja börnum sínum nöfn sem eru þeim ekki til ama og að ef upp komi tilfelli þar sem vafi leiki á því hvort nafn barns geti orðið því til ama megi leiða að því líkur að vandi viðkomandi barns sé meiri en svo að ákvæði laga um mannanöfn og þar af leiðandi mannanafnanefnd séu sá aðili sem eigi að leiðbeina foreldrum í foreldrahlutverkinu. Í löggjöf, svo sem barnaverndarlögum, barnalögum og lögum um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, er að finna heimildir fyrir þá aðila sem hafa umsjón með vernd barna til þess að grípa til viðeigandi ráðstafana og aðstoða foreldra í sínu foreldrahlutverki komi upp slíkar aðstæður svo tryggt verði að málefnum barna verði ávallt hagað á þann hátt að sé þeim fyrir bestu.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri